

Mál nr. 184/2015
M og
vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar launþega X.

Slys launþega hjá X þann 28. ágúst 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. maí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 21. maí 2015, ásamt gögnum þ.á.m. höfnunarbréfi V dags. 11. maí 2015, tjónstilkynningu X dags. 14. október 2014, vitnisburða starfsfélaga og skilmála vátryggingarinnar.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu X til V dags. 14. október 2014 kemur fram eftirfarandi lýsing tjónsatburðar: „Slasaði var að hlaupa með vatnsfötu í fanginu og datt. Innlegg í skóm virðist hafa runnið til inn í skónum þannig að hann misstígur sig og dettur á bílastæðinu.“ Einnig kemur fram af hálfu X að svo virðist sem um leik hafi verið að ræða í lok vinnudags.

M telur að slys hans falli undir gildissvið vátryggingarskilmála slysátryggingar launþega. Nánar tiltekið komi fram í gr. 5.1 í umræddum skilmálum að *vátryggðir séu launþegar í starfi hjá vátryggingartaka*. Frekari takmarkanir séu ekki á ábyrgð félagsins t.d. um eðli þeirra starfa og verði ekki litið öðruvísi á en að M hafi verið í starfi, innan vinnutíma síns, þegar hann slasaðist og gildissvið vátryggingarskilmálanna nái því skýrlega yfir líkamstjón hans. Einnig vísar M til þess að ef vátryggingarskilmálar séu óskýrir verði V að bera hallann af slíku þar sem það semur umrædda skilmála einhliða.

V vísar til gr. 5.1 í vátryggingarskilmálum með þeim hætti að ekki sé hægt að líta á að M hafi verið í starfi þegar hann slasaðist þar sem það sem hann var að gera hafi ekki verið í nokkrum tengslum við framkvæmd starfsins heldur hluti af leik vegna starfsloka samstarfsfélaga, en sá leikur hafi falið í sér að M hafi verið að skvetta úr vatnsfötu á umrædda samstarfsfélaga. Einnig vísar V til 8. gr. skilmálanna um áhættubreytingu sem og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 2/2002.

Álit.

Þegar litið er til gildissviðs gr. 5.1. í vátryggingarskilmálum V eru þeir launþegar vátryggðir sem eru í starfi hjá vátryggingartaka. Þegar túlka á hvort M hafi verið „í starfi“ í skilningi umrædds ákvæðis verður ekki hægt að líta framhjá því að M slasaðist á vinnutíma sínum en ekki er sýnt fram eða í raun haldið fram í tjónstilkynningu X að starfsdegi M hafi verið lokið. Verður skv. almennri orðskýringu ekki gengið lengra í túlkun ákvæðisins en að til þess að falla utan gildissviðs þess verði að sýna fram á með óyggjandi hætti að vinnudegi hans hafi verið lokið. Þar sem slíkt liggur ekki fyrir verður telst slys M falla undir gildissvið vátryggingarinnar og ósannað að V geti með nokkrum hætti takmarkað ábyrgð sína vegna háttsemi M, t.d. vegna stórkostlegs gáleysis.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík 16. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.